

Eignasamsetning Peningabréfa Landsbankans USD þann 6.10.2008

Peningabréf Landsbankans USD var fjárfestingarsjóður sem starfræktur var í samræmi við ákvæði III. kafla A í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn fjárfesti aðallega í skuldabréfum sem gefin voru út af íslenskum fyrirtækjum í dollurum. Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum í upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddu meðal annars til setningar neyðarlaga nr. 125/2008, skapaðist mikil óvissa um verðlagningu skuldabréfa á íslensk fyrirtæki en bréf flestra útgefanda urðu ómarkaðshæf. Vegna þessa reyndist erfitt að verðleggja stærstan hluta eignasafns Peningabréfa USD. Til þess að vernda hagsmuni sjóðfélaga tók stjórn Landsvaka þá ákvörðun að loka fyrir innlausnir og kaup í sjóðnum þann 6. október.

Í töflunni hér að neðan gefur að líta eignasamsetningu sjóðsins þann 6. október 2008, skipt niður á einstaka útgefendur. Upphæðir eru gefnar upp í þúsundum dollara (grunnmynt sjóðsins).

Fjármálafyrirtæki	43.010	100,0%
Kaupþing	15.730	36,6%
Glitnir	8.878	20,6%
Landsbanki	8.090	18,8%
IKB Deutsche Industriebank	5.647	13,1%
Deutsche Bank	3.052	7,1%
NIB Capital Bank	1.612	3,7%
	43.010	100,0%

Varðandi þá 40% lækkun sem varð á gengi sjóðsins við slit þá stafaði hún fyrst og fremst af lækkun á skuldabréfum íslensku viðskiptabankanna þriggja sem urðu svo til verðlaus við hrun íslenska bankakerfisins. Samhliða falli bankanna urðu skuldabréf fleiri útgefanda á markaði einnig fyrir verðfalli. Skuldabréf viðskiptabankanna höfðu verið talin öruggasti fjárfestingarkosturinn á markaðnum. Þess vegna hafði að miklu leyti verið fjárfest í skuldabréfum íslensku bankanna, sem voru fyrir lagasetninguna metin jafntrygg innlánnum hjá þeim ef ekki er tekið tillit til þeirrar fjárhæðar sem tryggð var af tryggingasjóði innistæðueigenda.

Mikilvægt er að hafa hugfast að fjárfestingar í Peningabréfum USD tóku mið af þágildandi reglum og fyrirliggjandi upplýsingum. Tryggingasjóður innistæðueigenda tryggði innlán í bönkum og sparisjóðum upp að ákveðnu hámarki (EUR 20.887). Það sem var umfram þetta hámark var ótryggt af innistæðutryggingum og hefði því flokkast sem almenn krafa á viðkomandi fjármálafyrirtæki ef illa færi. Peningamarkaðssjóður USD var fjárfestingasjóður og bar samkvæmt lögum að takmarka áhættu á einn aðila við 35%, þá varð næsti aðili að vera innan við 20% af heildareignum sjóðsins. Þannig dreifði fjárfestir í peningamarkaðssjóði áhættu á marga á meðan innlánseigandi var með áhættu á einn aðila.

Fjármálaeftirlitið beindi þeim tilmælum til rekstrarfélaga peningamarkaðssjóða þann 17. október 2008 að sjóðunum yrði slitið. Stjórn Landsvaka hf. leitaði allra leiða til að finna þær lausnir sem væru hagstæðastar fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Niðurstaða þeirrar vinnu var að selja allar eignir sjóðsins og slíta honum til þess að eyða allri óvissu eigenda og koma fjármunum í ávöxtun í formi öruggra innlána.

Við sölu eigna sjóðsins fyrir slit hans var meðal annars stuðst við mat á fyrirtækjaskuldabréfum sjóðsins frá óháðu endurskoðunarfélagi, KPMG. Öll viðskipti voru innan þess verðbils sem gat um í því mati. Gengisútreikningar og slit sjóðsins voru síðan yfirfarin af endurskoðendum sjóðsins, PricewaterhouseCoopers.

Samkvæmt 54. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði er fjárfestingarsjóðum heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda. Eins og sjá má í töflunni hér að ofan var mótaðilaáhætta á Kaupþing í sjóðnum þann 6. október 2008 36,6% og 20,6% á Glitni. Þetta þýddi að Kaupþing og Glitnir fóru upp fyrir 35% og 20% af heildareignum sjóðsins. Ástæðan var sú að frá 30. september 2008 ollu innlausnir úr sjóðnum, upp á rúmlega 4,2 milljónir dollara, því að heildarstærð hans minnkaði. Þar sem ekki reyndist unnt að selja bréf Kaupþings og Glitnis til að mæta þessum innlausnum þá óx hlutfall þeirra í sjóðnum upp fyrir 35% og 20% mörkin. Samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 30/2003 er gert ráð fyrir að verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir geti farið út fyrir lagaheimildir sínar með þessum hætti en í 42. gr. laganna segir að fari fjárfesting fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum skuli þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skuli lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan sex mánaða.

Tap sjóðfélaga var mikið áfall fyrir Landsvaka og hlutdeildarskírteinishafa og augljóslega ekki í samræmi við þær væntingar sem lagt var upp með. Beðist er innilega velvirðingar á því tjóni sem hlutdeildarskírteinishafar hafa orðið fyrir.

Virðingarfyllst, f.h. starfsfólks Landsvaka

Björn Þór Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Landsvaka